


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	Áfangiheiti BSF 401 Kennsluáætlun 4 önn Vor 2012	
Síða 1 af 1		

Kennari	Arnþór Örlygsson	Sk.st.	ARÖ
----------------	------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið yfir helstu gerðir vökvastýrisvéla bæði Tannstangargerð og snigilgerð. Farið yfir helstu gerðir vökvadæla. Mat á ástandi búnaðar og ástæður bilana. Mældur þrýstingur vökvakerfa. Skipti á slöngum og rörum, endurnýjun vökva og loftæming. Viðgerðir vökvastýrisvéla: mat á sliti húss og íhluta, ventla og þéttinga. Viðgerðir á vökvadælum. Farið yfir fleiri útfærslur af stýrisbúnaði en tveggja hjóla á sama ási (framan). Notkun vélrænna hjólastillitækja við stór ökutæki. Sérstaklega farið yfir vinnubrögð við stýrisbúnað í ökutækjum með loftpúða í stýrishjóli. Áhersla á slyshættu við viðgerðir stýrisbúnaðar og ábyrgð viðgerðarmanna vegna akstursöryggis.

Markmið:

Nemandi þekkir: helstu gerðir vökvastýrisvéla, íhluti þeirra og virkni. Nemandi þekkir virkni fjórhjólástýris og afturhjólastýris. Nemandi getur gert minniháttar stillingar og viðgerðir á stýrisvél í ökutæki og tekið hana úr ökutæki. Nemandi geti: metið ástand íhluta vökvastýrisvéla og skipt um ef við á og sett hana í ökutækið aftur.

Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1 útgáfa 2006.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004 og Ljósrit kennara.

Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt námsefni lotunnar sem er að læra um gerð og virkni stýrisvéla með hjálparátaki og hvernig staðið er að viðgerðum. Nemendur vinna 2 bókleg verkefni í lotunni auk lokaprófs. Skiladagur verkefna er 19.01.2012. í Fjölnisgötu 6a. Berist verkefni eftir að skilafresti lýkur er hámarkseinkun 5. Hafi verkefni ekki verið skilað 5 sólarhringum eftir að skilafresti lauk er einkunn fyrir verkefnið 0. Til að verkefni gildi til lokaeinkunnar verður að ná 5 á lokaprófi.

Verkefni:

2 bókleg heimaverkefni. Verklegt verkefni. Lokapróf.

Námsmat og vægi námsþátta:

Mæting og ástundun 20%. Verklegt verkefni 20%. Bókleg verkefni 20%. Lokapróf 40%

Annað:

90% viðvera í kennslustundum er forsenda þess að nemandi fái að stunda nám í áfanganum, fari nemandi undir þau mörk er litið svo á að hann hafi sagt sig úr áfanganum.

Sé nemandi vísað úr áfanganum vegna fjarvista getur hann aðeins sótt um heimild hjá kennara til að taka próf og halda áfram námi í áfanganum með framvísun vottorðs frá lækni eða viðlíka gagna. Verður sú umsókn að koma fram ekki síðar en sex dögum eftir að nemandi fór yfir fjarvistamörk. Áskilin er réttur til breytinga á verkröð og öðrum þáttum.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils